

farið frá Reykjavík aftur fyrr en að kvöldi þess 28. og hefir væntanlega verið kominn á fiskislóð snemma dags. 29. jan.

Þegar litið er á það, að sjódomurinn **telur** að s.s. Rensfjell hafi verið státt í hættu, er Apríl veitti hjálpa, að Apríl var lagt í nokkra hættu, að hann lagði til dráttartaugar, sem urðu ónothæfar til síns brúks síðar, með því að teygjan fór úr vírnum, og tafðist frá veiðum, svo sem sagt hefir verið og þarvið beðið allmikið aflatjón, að unnið var með atorku að björguninni, er lánaðist vel, og með tilliti til verðmætis Rensfjell, ásamt farmi, þykir sjódominum björgunarlaunin hæfilega sett 40.000 krónur ásamt 5% ársvöxtum frá 27. jan. þ. á., er björguninni var lokið, til greiðsludags, og staðfestist löghaldsgerðin frá 1. febrúar þ. á. í s.s. Rensfjell og farmi, sem löglega gerð og rekin, fyrir þessari upphæð.

Rétt þykir að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 27. marz 1931.

Nr. 68/1930. **Réttvísinn** (Guðm. Ólafsson)

gegn

Gunnari Hermanni Vigfússyni, Einarí Einarssyni, Magnúsi Gíslasyni og Jóhanni Einarssyni

(Lárus Jóhannesson).

Brot gegn 177. sbr. 174. gr. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. apríl 1930: Ákærðir, Gunnar Hermann Vigfússon og Einar Einarsson, sæti betrunarhússvinnu í 8 mánuði. Ákærðir, Jóhann Einarsson og Magnús Gíslason, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í mánuði. Svo greiði ákærðir in solidum allan kostnað sakarinnar, en hver um sig kostnaðinn við gæzluvarðhald sitt.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að refsing ákærðu, Gunnars Hermanns Vigfússonar og Einars Einarssonar verði 18 mánaða betrunarhússvinna, en refsing ákærðu Magnúsar Gíslasonar og Jóhanns Einarssonar, fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði. Svo greiði og hinir ákærðu in solidum allan kostnað við áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærðu, Gunnar Hermann Vigfússon og Einar Einarsson, sæti betrunarhússvinnu í 18 mánuði. Ákærðu, Magnús Gíslason og Jóhann Einarsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 4 mánuði. Ákærðu greiði in solidum allan kostnað málsins bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Lárusar Jóhannessonar, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvísinnar hálfu höfðað gegn Gunnari Hermanní Vigfússyni skósmið, Laugaveg 27, Einari Einarssyni verkamanni, Laugaveg 65, Magnúsi Gíslasyni hjólhestaviðgerðarmanni, Sólstöðum í Langholti og Jóhanni

Einarssyni hárskera, Freyjug. 27, fyrir brot gegn ákvæðum 16. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Hinn 12. marz síðastl. kom á lögreglustöðina, N. N., til heimilis á Grettisgötu með dóttur sína A., 11 ára gamla. Hafði komið í ljós þá fyrir nokkrum dögum, að telpa þessi var smituð af lekanda. Hafði hún sagt foreldrum sínum, er þau gengu á hana, að hún mundi hafa fengið þetta af fullorðnum manni, sem stundaði skósmiði í skúr bak við verzlun Kristínar Hagbarð á Laugaveginum. Þetta sama bar telpan fyrir lögreglunni og síðar fyrir rétti. Kveðst hún skömmu áður en veikindi hennar komu í ljós, hafa komið til skósmiðsins, ásamt annari telpu, B., Njálsgötu, 11 ára gamalli. Þegar þær voru komnar inn til hans, lét hann B. leysa niður um sig buxurnar og lagði hana á bakið á kassa inni á verkstæðinu, og tók síðan út getnaðarlim sinn og núði honum á milli læra hennar. Eftir að skósmiðurinn hafði farið þannig með B., tók hann hana á eftir, og fór eins að við hana. Setti hann getnaðarlim sinn svo fast að kynfærum hennar, að hana sárkenndi til. Telpa B. var nú leidd fyrir rétt, og bar henni að öllu leyti saman við framburð A., og við læknisskoðun kom það í ljós, að hún hafði lekanda.

Mál þetta var nú tekið til rannsóknar, og kom þá í ljós, að margar fleiri telpur voru við þetta riðnar, og margir fleiri karlmenn, unglingar og fullorðnir menn.

Skósmiður sá, sem telpurnar B. og A. gáfu upp, er einn af ákærðum í þessu máli, Gunnar Hermann Vigfússon. Hann hefir viðurkennt framburð þeirra réttan. Við rannsókn málsins hefir það komið í ljós, að auk þessara telpna, hafa oft komið á verkstæðið til hans telpurnar C., Grettisgötu, 13 ára, D., Vitastig, 11 ára, og E., Laugaveg, 13 ára. Við samprófun á ákærðum og telpum þessum, hefir það komið fram, að ákærður hefir haft mök við þær allar á þann hátt, að hann lét þær venjulega leggjast niður á kofort, sem var inni á verkstæðinu. Lét hann þær fyrst leysa niður um sig buxurnar, skipaði þeim síðan að setja fæturnar upp, og kræktu þær þá stundum öðrum fætinum upp á hurðarhúninn, en kofortið stóð hjá hurðinni. Síðan setti hann getnaðarlim sinn milli læra þeirra og nuddaði honum þar og kitlaði þær með honum. Kom hann lim sínum aldrei inn í þær. Telpurnar bera það, að hann hafi

beðið þær um að mega gera það, en er þær neituðu því, þá reyndi hann ekki til þess. Auk þess, sem ákærður hafði þannig löguð mök við telpur þessar, þá sýndi hann þeim einnig ljótar klámmyndir, útskýrði þær rækilega fyrir þeim, og sagði þeim, að svona væri gaman að gera. Einnig sagði hann þeim stundum klámsögur. Ákærður kveðst hafa byrjað að hafa þannig löguð afskipti af telpum þessum í ágúst eða september síðastliðið sumar. Hafa þær allar komið meira og minna til hans síðan, nema A. aðeins einu sinni. Gaf hann telpunum stundum 10 og 25 aura fyrir, en stundum ekkert. Hann kveðst ekki nærri alltaf hafa haft nautn af þessum mökum sínum við telpurnar, kveður sér stundum hafa orðið sáðfall, en stundum ekki. Kveðst hann hafa byrjað á samskonar athæfi fyrir 3—4 árum við danska telpu, sem bjó í sama húsi og hann. En er sú telpa flutti af landi burt með fjölskyldu sinni, þá hætti hann. En um áramótin 1928—29 kveðst hann hafa reynt þetta aftur og komu þá stundum heim til hans telpur um veturinn, en þær hefir hann ekki getað nafngreint, því hann vissi ekki eða man ekki hvað þær hétu. En hann kveður fyrir alvöru hafa vaknað hjá sér löngunina til að umgangast telpur í sumar sem leið, og fór hann þá að laða telpur til sín, til þess að hafa mök við þær.

Ákærður hefir til viðbótar bent á nokkrar telpur í nágrenni við sig, sem oft hafi komið á verkstæðið til sín með skó, en þær hafa allar borið það fyrir réttinum, að hann hafi ekki sýnt þeim neitt ósæmilegt.

Við lækniSSkoðun, sem fram fór á ákærðum, kom það í ljós, að hann hafði engan kynferðissjúkdóm.

Ákærður, Einar Einarsson, hefir viðurkennt, að hafa haft holdleg mök við telpurnar C., D, B, og E. Byrjaði hann fyrst við C heima hjá henni í fyrra vetur, eins og síðar verður vikið að, og tók hana síðan nokkrum sinnum í kjallaranum heima hjá sér, bæði í fyrra vetur og einnig í vetur. Þá tók hann og B einu sinni í vetur heima hjá C. Kveður hann B nokkru seinna hafa komið heim til sín, og hafði hann þá að minnsta kosti einu sinni mök við hana í kjallaranum hjá sér. Telpurnar D og E hafa einnig nokkrum sinnum komið heim til hans í sumar og vetur, og hafði hann þá mök við þær venjulega í kjallaranum hjá sér, en einu sinni upp á lofti. Ákærður kveðst hafa látið

telpurnar leysa niður um sig buxurnar, og síðan sett getnaðarlim sinn milli læra þeirra, og nuddað honum þar, kveður sér stundum hafa orðið sáðfall en stundum ekki. Telpurnar D og E bera það, að ákærður hafi reynt til að komast inn í þær, en þær aftrað því, en ákærður kveðst aldrei hafa reynt neitt til að komast inn í þær. Ákærður gaf telpunum venjulega eina til tvær krónur í hvert skipti, sem hann var með þeim. Auk telpna þeirra, sem nefndar hafa verið, hefir ákærður einu sinni í sumar tekið á sama hátt 9 ára gamla telpu, F, Laugaveg. Kom hún inn í kjallarann til hans, af því að hún hafði séð telpurnar C og D fara þangað og vissi að hann gaf þeim aura. Þegar hún kom til ákærðs, leysti hann niður um hana buxurnar, setti hana upp á kassa, tók út getnaðarlim sinn og nuddaði honum á milli fótanna á henni. Kom þetta ekki fyrir nema einu sinni, og hafa engir aðrir haft afskipti af þessari telpu á þennan hátt.

Ákærður var skoðaður af lækni og reyndist ekki að hafa kynferðissjúkdóm.

Þá hefir ákærður í máli þessu, Jóhann Einarsson, viðurkennt, að hafa haft mök við telpurnar D og B. Atvikaðist það þannig, að hann kveður telpuna D hafa komið inn á rakarastofuna til sín einhverntíma fyrir jólin í vetur, og bauð hún honum þá að leika sér við sig. Tók hann hana þá og setti getnaðarlim sinn upp með buxnaskálm hennar, og nuddaði honum við lærin á henni, og varð honum sáðfall við þetta. Síðan kveður hann telpu þessa oft hafa komið til sín, og gerði hann aldrei neitt slíkt við hana, fyr en hún kom til hans seinni partinn í febr. með B. Þá lét hann þær báðar leysa niður um sig, og stakk lim sínum milli fótanna á D, og var hún standandi á meðan, en B lagði hann á divan, sem var þar inni, og gerði eins við hana. Varð honum ekki sáðfall fyrr en hann var að eiga við B. Ákærður komst ekki inn í B, en komst svolítið inn á milli læranna á D. Oftar kveðst ákærður ekki hafa verið með þessum telpum, og ekki verið með neinum öðrum telpum. Hinn 8. marz kveðst hann hafa orðið var við, að hann var með lekanda, og fór til læknis 11. marz, og kemur það heim við vottorð læknisins. Hann kveðst ekki hafa haft samræði við kvenmann síðan í febr. 1929. Telpa D hefir borið það, að ákærður hafi verið með sér einu

sinni, er hún kom til hans í sumar, en ákærður hefir neit- að því. Ákærður gaf þeim D og B sína krónuna hvorri, er hann hafði þessi mök við þær. Kveður hann telpur þess- ar stundum hafa komið til sín til þess að sníkja aura, án þess að hann gerði þeim nokkuð.

Enn hafa telpurnar D og B komið til ákærðs í þessu máli, Magnúsar Gíslasonar, á hjólhestaviðgerðarverkstæði, sem hann hefir við hliðina á verzluninni London í Austur- stræti. Hafði D þekkt hann nokkuð áður, er hann hafði verkstæði á Laugaveginum, og hafði stundum fengið lánað hjá honum hjól, án þess að hann gerði henni nokkuð. Á- kærður kveður þær hafa komið eftir miðjan janúar á verk- stæðið til hans og báðu þær hann að gefa sér peninga, og buðu honum að leika sér við sig. Þær leystu sjálfkrafa nið- ur um sig, og tók ákærður út getnaðarlim sinn, og kveðst hann hafa komið við þær með honum í kringum magann á þeim. Kveður ákærður sér hafa orðið sáðfall við þetta, en býst frekar við, að það hafi stafað af núningi við hendina á sér, en ekki af viðkomu við telpurnar. Telpurnar voru standandi, er hann gerði þetta. Við samprófun við telp- urnar hefir það komið í ljós, að þær hafa fyrst farið að koma til hans eftir miðjan janúar. Kveður D kærðan hafa gert þetta tvisvar við sig, en B kveður sig minna, að hann hafi gert það tvisvar til þrisvar við sig. Kveður D sig minna, að þær hafi boðið honum, að gera þetta við sig í fyrra skiptið, en hann beðið þær um það í seinna skiptið. Kveða þær ákærðan ekkert hafa reynt til þess að komast inn í sig. Þær kveða ákærðan hafa gefið þeim 2 kr. hvorri í fyrra skiptið, en 1,50 í seinna skiptið.

Við lækniðsskoðun á ákærðum kom það í ljós, að hann hafði ekki kynferðissjúkdóm.

Allar telpurnar, sem við mál þetta eru riðnar, hafa ver- ið skoðaðar af læknum, og hafa reynzt heilbrigðar, nema A og B, svo og D. Hún var lögð upp á spítala 25. febr. til botnlangauppskurðar, og varð Halldór Hansen læknir þá var við, að hún hafði lekanda, en móðir hennar hafði nokkru áður tekið eftir vilsu í fötum hennar og rúmi.

Það verður að líta svo á, eftir því, sem komið hefir fram í máli þessu, að ákærðir, Gunnar Hermann Vigfússon og Einar Einarsson séu aðalmennirnir í verknaði þessum.

Telpa D byrjar á því að koma til Gunnars í ágúst eða

september í sumar, og litlu síðar B, og síðan hafa allar telpurnar, sem við þetta mál eru riðnar, að undanskilinni F, sem aðeins kom einu sinni til Einars, komið þangað meira og minna. Narraði Gunnar þær út í þetta, bæði með því að gefa þeim aura, og svo bera telpurnar D og E það, að þetta hafi byrjað á þann hátt, að hann sýndi þeim myndir af berum karlmönnum og kvenfólki í ýmiskonar stellingum, og það þær gera hið sama.

Ákærður, Einar, hefir hins vegar byrjað fyrstur við telpuna C í fyrra vetur. Atvikaðist það svo, að hann kom einu sinni heim á heimili hennar, er faðir hennar var í Englandsferð. Vildi hann þá fara að hafa afskipti af henni, en hún færðist undan, en er hann bauð henni að gefa henni eina krónu fyrir, þá lét hún undan. Einnig hefir E verið á þennan hátt með Einari, áður en hún fór að fara til Gunnars.

Eftir að telpurnar, D og B, voru komnar út í þetta, hafa þær lent í líkum mökum við 6 unglingspilta, eftir jólin í vetur. Buðu þær sig þessum piltum fyrir sælgæti eða peninga. Höfðu þeir mök við telpur þessar ýmist á vanhúsum, eða í húsum inni. Allir þessir piltar reyndust við læknis-skoðun lausir við kynferðissjúkdóm, nema einn, N. N., 17 ára að aldri, sem var í gæzluvarðhaldi um tíma. Hafði hann nokkrum sinnum haft mök við D, og síðast í kringum 18. febr. mök við þær báðar heima hjá sér. Komst hann nokkuð inn D, en ekkert inn í B. En 9 dögum eftir, að hann var með þessum telpum, kveðst hann hafa orðið var við, að hann væri með lekanda, og fór þá til læknis. Hefir hann haldið því fram, að hann hafi aldrei á æfi sinni haft samræði við annað kvenfólk, og sé því enginn vafi á því, að hann hafi smitast annaðhvort af D eða B.

Samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins verður mál ekki höfðað gegn unglingum þessum, sem allir eru innan við 18 ára aldur.

Við rannsókn máls þessa hefir ekkert orðið upplýst á hvern hátt telpurnar 3 hafi fengið kynsjúkdóminn. Telpurnar D og B hafa að visu haft mök við 2 menn, sem við skoðun reyndust að hafa kynsjúkdóm, en þær hafa báðir haldið því fram, að þær hafi ekki haft afskipti af öðrum kvenpersónum en þessum telpum, annar aldrei, en hinn ekki í rúmt ár. Telpan A, sem einnig var veik, hefir stað-

fastlega haldið því fram í öllum prófunum, að hún hafi aldrei haft mök við nokkurn annan mann, en ákærðan, Gunnar Hermann, sem við skoðun reyndist heilbrigður, og hinar telpurnar hafa ekki, þrátt fyrir töluverðar yfirheyrslur, getað gefið upp fleiri menn, sem þær hafi haft mök við.

Foreldrar telpna þeirra, sem veikar voru, hafa verið skoðaðir, og þeir reynzt heilbrigðir.

Ákærðir í máli þessu eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna. Gunnar Hermann Vigfússon er fæddur 17. febr. 1877, Einar Einarsson er fæddur 7. des. 1868, Jóhann Einarsson er fæddur 2. júní 1895 og Magnús Gislason er fæddur 12 febr. 1899. Þeim hefir engum verið refsað áður fyrir nokkurt afbrot.

Framantalin afbrot ákærðu ber, að áliti dómarans, að heimfæra undir 177, samanber 174. gr. alm. hegningarlaga, og þykir refsing sú, sem ákærðir, Gunnar Hermann Vigfússon og Einar Einarsson, hafa til unnið, hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 8 mánuði, en refsing sú, sem ákærðir, Jóhann Einarsson og Magnús Gislason, hafa til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 2 mánuði.

Ákærðir greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, en hver um sig allan kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 27. marz 1931.

Nr. 103/1930. Jakob Möller og Benedikt Sveinsson
gegn

Péttri Jakobssyni.

Dómur hæstaréttar.

Við fyrirtekt málsins í dag mætti hæstaréttar-málaflutningsmaður Garðar Þorsteinsson, af hendi áfrýjenda, og bað um frest í málinu til maímánaðar næstkomandi. Stefndi mætti sjálfur og mótmælti fresti og krafðist ómaksbóta.